

## Fréttatilkynning frá foreldrafélagi Fossvogsskóla

14. október 2021

**Eftirfarandi kröfum var komið á framfæri við borgarstjóra á fundi hans með fulltrúum allra árganga og skólaráði Fossvogsskóla þann 12. október 2021.**

1. Tryggja þarf að öllum börnum skólans verði kennt Fossvoginum í síðasta lagi frá upphafi skólaárs 2022. Frekari hreppaflutningar koma ekki til greina.
2. Rífa þarf miðálmu skólans. Í húsinu er illviðráðanlegur rakavandi og byggingin er frá öllum hliðum séð úrelt sem skólahúsnæði.
3. Umhverfis- og skipulagssvið svari erindi frá 6. september sl. um af hverju hróflað var við asbesti í skólanum sumarið 2019 án forathugunar. Asbestið var sett aftur á sinn stað eftir viðgerðir en var loks fjarlæggt síðastliðið sumar.
4. Þeim starfsmönnum umhverfis- og skipulagssviðs og ráðgjafa frá Verkís, sem hafa ítrekað brugðist börnunum okkar undanfarin þrjú ár, verði skipt út. Fullkomið vantraust ríkir af hálfu foreldra til þessara manna sem hafa of lengi staðið fyrir vanefndum og villuljósum.
5. Tryggt verði að umhverfis- og skipulagssvið gangi ekki skemur í endurbótum en ráðleggingar EFLU kalla eftir.
6. Byggingar verði endurhannaðar og endurhugsaðar. Foreldrar hafa verulegar, rökstuddar áhyggjur af færni, samstarfsvilja og afkastagetu núverandi arkitekts.
7. Foreldrar eigi fulltrúa í skipulags- og framkvæmdahópum verkefnisins.
8. Reykjavíkurborg veiti án tafar meiri aðstoð inn í skólastarfið í formi aukinna fjárframlaga og mönnunar.
9. Efla þarf verulega upplýsingagjöf til foreldra og starfsmanna.